

Verkefnatengt nám

Í 5. gr. reglna um BA nám við lagadeild HR kemur fram að eftirfarandi meginreglur gilda um nám og kennslu:

- a) Skipulag námskeiða, kennslu og námsmats skal vera í samræmi við [lærdómsviðmið prófgráða og námskeiða](#).
- b) Námið, kennslan og námsmatið er verkefnatengt.
- c) Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat og vandaða endurgjöf til nemenda.
- d) Kennsla fer fram í almennum kennslustundum, umræðu- eða verkefnatímum og í formi verkefna eftir ákvörðun umsjónarkennara hverju sinni.
- e) Námsefni og kennsla miðar að því að nemendur öðlist traustan fræðilegan grunn og fái markvissa þjálfun í beitingu hans. Áhersla er lögð á gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð.
- f) Þjálfun í úrlausn lögfræðilegra álitaefna er grundvallaratriði í kennslufræðilegri nálgun lagadeildar. Nemendur eiga að fá þjálfun í að beita lögfræðilegri aðferðafræði í tengslum við kennslu í öllum námskeiðum sem eru lögfræðigreinar án þess að það sé endilega hluti námsmats.
- g) Umsjónarkennarar námskeiða ákveða námsmat. Námsmat skal endurspegla þær áherslur sem lagðar eru í kennslu í einstökum námskeiðum.
- h) Úrlausn raunhæfra verkefna er hluti af námsmati í öllum þeim kjarnagreinum sem teljast lögfræðigreinar.
- i) Miðannar- og lokapróf mega að hámarki gilda 70% af heildarnámsmati í einstökum kjarnagreinum.¹
- j) Um nám og kennslu í valfögum á þriðja ári fer samkvæmt reglum um meistaranám við lagadeild.

Framangreindum meginreglum til fyllingar vísast til viðmiða lagadeildar um kennsluhætti sem aðgengileg eru á heimasíðu [lagadeildar](#).

¹ Liður-i tekur gildi frá og með skólaárinu 2012 til 2013.